



Velferðarráð Kópavogs
Björg Baldursdóttir, formaður

Kópavogi, 16. nóvember 2022

Efni: Drög að breytingum á erindisbréfi velferðarráðs lögð fram til kynningar.

Meðfylgjandi eru drög að breytingum á erindisbréfi velferðarráðs sem tilkomnar eru vegna breytinga á lagaumhverfi velferðarþjónustu og barnaverndar á Íslandi. Ekki eru lagðar til breytingar á öllum greinum erindisbréfsins þar sem til stendur að ráðast í heildarendurskoðun erindisbréfa ráða og nefnda á komandi ári.

Um breytingar einstakra greina:

Í 1.gr. eru lagðar til breytingar sem snúa að uppfærslu á orðalagi og tilvísunum í þau lög sem gilda um verkefni velferðarráðs og velferðarsviðs.

Í 2.g. eru lagðar til breytingar á orðalagi. Velferðarráð er í dag kosið til fjögurra ára í senn sbr. bæjarmálasamþykkt.

Í 6.gr. er lagt til að færa ákvæði um trúnað og þagnarskyldu neðar í erindisbréfið í nýja 17.gr. grein sem tekur á trúnaði, þagnarskyldu og meðferð málsgagna.

Í 7. gr. er lagt til að breyta ákvæði um ritun fundargerða til samræmis við þær reglur sem gilda um ritun fundargerða bæjarstjórnar eins og þær birtast í bæjarmálasamþykkt og auglýsingu um ritun fundargerða sveitarstjórna frá október 2021.

Í 10.gr. eru lagðar til breytingar sem snúa að réttum tilvísunum í þau lög sem gilda um verkefni velferðarráðs og velferðarsviðs. Nýtt inn er verkefni ráðsins sem snýr að yfirstjórn barnaverndarþjónustu Kópavogs sbr. breytingar á barnaverndarlögum taka gildi 1.1.23.

Í 12.gr. felur bæjarstjórn velferðarráði yfirstjórn barnaverndarþjónustu. Með ákvæðum í bæjarmálasamþykkt felur bæjarstjórn starfsfólki barnaverndarþjónustunnar heimild til fullnaðarafgreiðslu mála sbr. ákvæði barnaverndarlaga.

Í 13. gr. eru lagðar til breytingar á orðalagi og lagatilvísunum. Þær umsóknir sem velferðarsvið afgreiðir eru orðnar töluvert fleiri en taldar eru upp í þessari grein. Lagt er til að falla frá upptalningu verkefna og leggja frekar áherslu á þann lagagrundvöll sem umsóknir eru afgreiddar á.

Í nýrri 17.gr. eru ákvæði um trúnað, þagnarskyldu og meðferð málsgagna.



Í 18.gr. bætist við ný málsgrein fremst í greinina sem skilgreinir nánar hvað felst í yfirstjórn barnaverndarþjónustunnar.

Virðingarfyllst,

Jóhanna Lilja Ólafsdóttir
Verkefnastjóri velferðarsviðs

Fylgiskjal 1: Drög að breytingum á erindisbréfi velferðarráðs.